



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA

# Tröð í Bolungarvík

Fornleifakönnun vegna  
byggingar Snjóflóðavarna

## Áfangaskýrsla 1

Unnið fyrir Bolungarvíkurkaupstað

**Ragnar Edvardsson**

Fornleifafraeðingur

Júní 2003

NV nr. 8-03

## Úrdráttur

Dagana 26. maí til 13. júní fór fram fornleifarannsókn í Bolungarvíkurkaupstað. Rannsóknin var liður í forkönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við snjóflóðavarnargarð fyrir ofan kaupstaðinn. Rannsóknarsvæðið var u.þ.b. 100 metra langt og 200 metra breitt á svæði þar sem að áður stóð býlið Tröð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimildum er líklegt að upphaf byggðar í Tröð sé í kringum 1350 eða jafnvel fyrr. Í heimildum frá öndverðri 18. öld var Tröð hjáleiga frá Meiri Hlíð og var metin um 8 hundruð að dýrleika. Búið var í Tröð fram á miðja 20. öld en þá hvarf býlið smátt og smátt undir kaupstaðinn.

Þó svo að stór hluti bæjarstæðis Traðar sé horfinn undir Bolungarvíkurkaupstað er allnokkuð eftir af gamla túnstæðinu. Á því sjást nokkrar rústir í yfirborði, fjárhús, grjóthlaðinn túngarður og tvær litlar grónar rústir í miðju túni.

Grafnir voru 9 könnunarskurðir á völdum stöðum í þeim tilgangi að kanna aldur þeirra minja sem sáust í yfirborði og hvort einhverjar eldri minjar leyndust á framkvæmdarsvæðinu.

Í fjórum skurðum af níu sáust engin merki um byggingar eða mannvistarleifar. Í þeim skurðum sem grafnir voru við þær rústir sem sáust í yfirborði kom í ljós að þær hafa allar verið byggðar á tímabilinu frá 1850 – 1930.

Í skurði sem var grafinn rétt þar sem gamli bærinn stóð áður sáust þykk mannvistarlög og bentu þau til að byggingar væru á svæðinu norðan við gamla bæjarstæðið.

Í skurði sem grafinn var í miðju túni komu í ljós talsverðar minjar. Þrjú mannvirki komu í ljós og var það yngsta sennilega frá 19. öld og það elsta frá því fyrir 1500. Elsta mannvirkið var 9 metra langt og um 5 metra langt. Greinilegt var að á þessu svæði voru fleiri byggingar frá svipuðum tíma og er líklegt að hér sé um að ræða kot eða að á þessum stað hafi bærinn staðið áður en að hann var færður þar sem hann stóð síðast.

Forkönnun er lokið á svæðinu og er áætlað að frágangur uppgraftrargagna og skýrslu verði lokið í haust.

## Efnisyfirlit

<b>ÚRDRÁTTUR</b> .....	<b>2</b>
<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>3</b>
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>2. ÁGRIP AF BYGGÐARSÖGU</b> .....	<b>4</b>
<b>3. FORNLEIFARANNSÓKN</b> .....	<b>4</b>
SKURÐUR 1 (T1).....	5
SKURÐUR 2 (T2).....	5
SKURÐUR 3 (T3).....	5
SKURÐUR 4 (T4).....	6
SKURÐUR 5 (T5).....	7
SKURÐIR 6, 7, 8 OG 9 (T6, T7, T8 OG T9) .....	7
<b>3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>7</b>
<b>4.ÞAKKARORÐ</b> .....	<b>8</b>
<b>5.HEIMILDIR</b> .....	<b>8</b>
<b>5. KORT</b> .....	<b>9</b>

## 1. Inngangur

Hér birtist frummatskýrsla yfir fornleifarannsókn á bæjarstæði býlisins Traðar í Bolungarvík. Fornleifarannsóknin var liður í forkönnun sem gerð var vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Áætlað er að byggja snjóflóðavarnargarð á svæðinu og mun hann liggja yfir nær allt túnstæði býlisins.

Rannsóknin fór fram dagana 26. maí og lauk 13. júní 2003 og voru grafnir 9 könnunarskurðir á völdum stöðum innan gamla túnstæðis Traðar. Í þessari skýrslu birtast helstu niðurstöður þessarar rannsóknar en áætlað er að birta lokaskýrslu haustið 2003 eftir að gengið hefur verið frá öllum uppgraftrargögnum.

## 2. Ágrip af byggðarsögu

Líklegt er að landnám hafi átt sér stað í Bolungarvík á fyrri hluta 10. aldar. Í landnámu segir að Þuríður sundafyllir hafi numið land í Bolungarvík og reist sér bæ á Vatnsnesi (Ísl.sög. I, bls. 109). Byggð hefur að öllum líkindum ekki staðið lengi á Vatnsnesi og hefur bærinn sennilega verið færður á þann stað sem bærinn Hóll í Bolungarvík stendur nú.

Það verður að líta á Hól sem frumbýli í Bolungarvík og aðrar jarðir í hreppnum hafi skiptst út frá Hól. Fyrst hefur jörðin Ós skiptst út frá Hóli og svo hafa Þjóðólfstunga, Miðdalur og Hlíð skiptst frá Hóli en Hanhóll og Gil frá Ósi. Þessi jarðaskipting hefur að öllum líkindum átt sér stað fyrir 1100. Engar heimildir eru til um það hvenær Tröð skiptist út úr Hlíðarlandinu en líklegt er að það hafi gerst um eða fyrir 1350 (Ragnar Edvardsson, 1996).

Tröð í Bolungarvík er á fyrri hluta 18. aldar hjáleiga frá Meiri Hlíð og talin um 8 hundruð að dýrleika. Árið 1710 er einn ábúandi á Tröð og landskuld hafði áður verið 3 vættir á eyri en vegna skriðufalla hafði landskuldin verið lækkuð um eina vætt (Á.M. VII. bls. 145).

Þegar komið er fram á 20. öld var Tröð orðin að sjálfstæðri jörð. Núverandi íbúðarhús var byggt árið 1954 rétt norðan við 19. aldar bæjarstæðið. Á þeim tíma stóðu fjós, fjárhús, hlaða og súrheysgryfja við bæjarhólinn en því var öllu rutt til þegar íbúðarhúsin í Traðarlandinu voru byggð.

## 3. Fornleifarannsókn

Markmið rannsóknarinnar var að kanna eðli, umfang og aldur þeirra rústa er sáust í yfirborði. Einnig að athuga hvort einhverjar áður óþekktar minjar leyndust á svæðinu. Til að ganga úr skugga um þetta voru 9 skurðir grafnir á völdum stöðum víðsvegar innan gamla túnstæðis Traðar. Fjórir skurðanna voru við yfirborðsrústir í þeim tilgangi að kanna aldur rústanna og athuga hvort eldri rústir væru undir þeim. Í lokin voru yfirborðsrústirnar mældar upp og staðsettar með differential GPS stöð.

Þeirri aðferðafræði var beitt að allir skurðirnir voru grafnir með traktorsgröfu og þegar komið var niður á minjar hófst hefðbundinn fornleifauppgröftur. Hvert mannvistarlag var skráð, ljósmyndað og teiknað. Í upphafi rannsóknarinnar var sett út hnitakerfi og lægsti punktur þess Y1000/X850. Y-ásinn hækkaði í norður og X-ásinn í austur og var hæsti punktur kerfisins Y1100/Y1000.

**Skurður 1 (T1).**

Fyrsti skurðurinn var grafinn u.þ.b. 10 m vestan við norðvestur horn íbúðarhússins á Tröð. Skurðurinn var 2 metrar á breidd og 18 metra langur og var stefna hans í austur/vestur.

Eftir að yfirborðslag hafði verið fjarlægð kom í ljós 90 cm þykkt lag sem var nær eingöngu samansett af stóru hleðslugrjóti. Þetta lag þykknaði eftir því sem vestar dróg og vestast fyllti það skurðinn algerlega. Lagið hefur myndast þegar bæjarhúsum, fjárhúsi, fjósi og öðrum byggingum hafði verið rutt til um miðja 20. öld.

Undir þessu lagi vestanmegin í skurðinum var þykkt, samanþjappað, leirkennt mannvistarlag sem sást næstum því alls staðar í skurðinum, fyrir utan tveggja metra kafla austan til í skurðinum. Þetta mannvistarlag var *in situ* og hefur sennilega myndast við útmokstur úr fjárhúsum er stóðu norðan við skurðinn.

Austast í skurðinum voru þykk móöskulög og voru þau greinilega *in situ* og lágu þau undir leirkennda laginu. Móöskulögin þynntust eftir því sem vestar dróg og voru horfin um miðjan skurðinn. Stefna móöskulaganna var norður/suður og því líklegt að þau hafi myndast þegar að rusli var hennt úr einhverri byggingu er stóð norð/austan við skurðinn.

Undir móöskulögunum var 5 – 8 cm þykkt svart brunalag sem sást allstaðar í skurðinum og var það elsta mannvistarlagið. Undir þessu lagi var svo óhreyfður náttúrulegur jarðvegur.

**Skurður 2 (T2).**

Skurður 2 var ysti skurðurinn vestanmeginn sem grafinn var innan gamla túnstæðis Traðar. Skurðurinn var 2 metra breiður og 5 metra langur og var grafinn við litla rúst. Þessi rúst er um 3 \* 2 metar að ummáli og sést vel í yfirborði.

Undir yfirborðslagi kom í ljós torfblönduð mold sem lá ofan á veggjum rústarinnar. Undir þessu lagi voru veggir rústarinnar og voru þeir hlaðnir úr torfi. Undir torfveggjunum var ljósbrúnn fokjarðvegur sem lá ofan á óhreyfðum náttúrulegum jarðvegi. Syðst í skurðinum sáust merki um torfhleðslur sem sennilega tilheyra annari byggingu sem er sunnan við það mannvirki sem sést í yfirborði.

Jarðlagaskipan og þykkt jarðlag yfir yfirborðsrústinu benda til þess að hún sé ekki eldri en frá seinni hluta 19. aldar, jafnvel fyrri hluta þeirrar 20. Torfhleðslurnar sem sáust í syðri enda skurðsins eru eitthvað eldri þar sem hrun úr efri byggingunni lá yfir þeim hleðslum.

**Skurður 3 (T3)**

Skurður 3 var grafinn u.þ.b. 20 metra austan við skurð 2, svo til í miðju túni. Skurðurinn var 2 metra breiður og 10 metra langur. Á þessu svæði var 4 \* 4 metra rúst í yfirborði og bæði austan og vestan við hana voru lögðir sem bentu til þess að fleiri minjar væru á svæðinu. Skurðurinn lá nokkurn vegin í austur/vestur.

Eftir að yfirborðslög voru fjarlægð kom í ljós horn á grjóthlöðnum veggjum vestast í skurðinum. Þessi veggir láu í norður og vestur átt og náðu út fyrir skurðinn. Sú bygging sem þessir veggir tilheyrðu voru greinilega nokkuð eldri en veggir þeirrar rústar er sást í yfirborði þar sem þeir lágu undir hana og höfðu aðra stefnu en yfirborðsrústin.

Undir þessum vegg var talsvert uppkast blandað af torfi og mold. Undir uppkastinu var torfblönduð mold sem var líkust torfhruni úr veggjum eða þaki. Þegar hrunið hafði verið fjarlægð komu í ljós veggir úr torfi og grjóti. Veggirnir voru hlaðnir að innan og utanverðu með grjóti en torf sett á milli þeirra. Þessir veggir tilheyrðu byggingu sem var 9 metra löng og um 5 metrar á breidd. Byggingin var með tvö herbergi og á einum stað sáust merki um stoðarholu sem benda til þess að þak hafi verið yfir byggingunni. Veggir byggingarinnar voru illa farnir og ástæða þess var að grjót hafði einhvertímenn verið tekin úr veggjunum í þeim tilgangi að nota þá annarstaðar.



Mynd 1. Rúst í skurði 3.

Ákveðið var að grafa aðeins innan úr vestara herbergi byggingarinnar þar sem það eystra var að mestu leyti fyrir utan skurðinn sunnanmegin. Eftir að hrunlög höfðu verið fjarlægð innan úr vestara herberginu kom í ljós garður við eystri útvegg að innanverðu. Þessi garður var hlaðinn úr grjóti og fyllt á milli með mold. Erfitt var að átta sig á eðli þessa garðs en möguleiki er að hér sé annaðhvort um að ræða jötu eða undirstöður palls. Innan í herberginu kom einnig í ljós samanþjappað torfblandað lag sem mögulega er leifar gólfs. Sýni voru tekin úr þessu jarðlagi.

Í skurði 3 fannst talsvert af gripum. Í jarðlögum ofan á elsta mannvirkinu voru ýmis konar gripir sem hægt er að aldursgreina frá 17. og fram á 19. öld. Þegar komið var ofan í rústina sjálfa fækkaði gripum. Þá gripi sem fundust í lögum sem tilheyra aldurskeiði byggingarinnar er ekki hægt að aldursgreina af nákvæmni vegna eðlis þeirra.

Gripir og jarðlagaskipan benda þó sterklega til þess að um 3 byggingarskeið sé að ræða á þessu svæði. Efst er rúst sem sennilega er frá síðari hluta 19. og jafnvel frá fyrri hluta 20. aldar. Undir henni er önnur bygging sem gæti verið frá 18. öld og þar undir er stór bygging sem að öllum líkindum er hrunin fyrir 1500 þar sem að talsvert af uppkasti og fokmold er ofan á torfhruni hennar.

Vestan við yfirborðsrústina er önnur lægð um 7 \* 5 metrar að ummáli og á þar liggur sennilega önnur rúst undir sverði. Í yfirborði svipar þessari lægð til þeirrar lægðar sem sást í yfirborði áður en að skurður 3 var grafinn. Sterkar líkur eru því á því að mun fleiri rústir leynist á þessu svæði.

#### Skurður 4 (T4)

Skurður 4 var grafinn norðaustan til á svæðinu þar sem rúst af fjárhúsi stendur rétt sunnan túngarðs. Fjárhúsið var í notkun langt fram á 20. öld og hafði steypu verið bætt í vegg í gólf hennar.

Skurðurinn var tekin vestan megin við fjárhúsið og var hann 2 \* 5 metrar að ummáli. Í skurðinum sáust ummerki um að grjótskriður höfðu fallið á túnið nokkuð oft í gegnum tíðina. Greinilegt var að minnsta kosti tvær stórar skriður höfðu fallið eftir að byggð hófst í Tröð. Sú efsta sem var undir yfirborðslagi og fokmold er að öllum líkindum sú sem féll á túnið snemma á 18. öld (Á.M.VII.,bls.145) og er greinilegt að fjárhúsið var fyrst byggt nokkru eftir að sú skriða féll, sennilega á 19. öld.

### Skurður 5 (T5)

Skurður 5 var nyrstur og var hann grafinn þvert í gegnum nyrðri hluta grjótgarðs sem liggur í austur/vestur eftir hlíðinni fyrir ofan Tröð og var skurðurinn 2\*5 metrar að ummáli. Grjótgarðurinn var byggður á tímabilinu 1920 – 30 og var markmið með þessum skurð að kanna hvort eldri garður leyndist undir honum. Norðan megin við grjóthlaðna garðinn virtist liggja eldri túngarður sem hafði sömu stefnu og grjótgarðurinn. Þegar yfirborðslög höfðu verið fjarlægð kom í ljós að þessi meinti garður var ekkert annað en grjótskriða sem hlaðist hafði upp norðan megin grjótgarðsins.

Eins og í skurði 4 voru ummerki um tvær stórar skriður sem fallið höfðu úr fjallinu á túnið. Ummerki voru um túngarð sem staðið hafði á þessu svæði áður en skriðan féll og hafði hún sennilega splundrað þeim garði. Sú skriða er efst og líklega sú sem féll í upphafi 18. aldar. Eldri garðurinn virðist hafa valdið því að grjótskriðan hafi hlaðist upp norðan megin við túngarðinn. Leyfar þessa eldri túngarðs sáust aðeins austan við fjárhúsið þar sem hann virðist hafa sloppið við grjótskriðuna. Líklegt er að eldri túngarðurinn sé byggður fyrir 1700.

### Skurðir 6, 7, 8 og 9 (T6, T7, T8 og T9)

Skurður 6 var 20 metra langur og var í u.þ.b. 30 metra frá skurði 3. Í þessum skurði voru engin mannvistarlög. Skurður 7 var grafinn fyrir utan túnið vestan megin og var hann 10 metrar að lengd og í honum sáust engin merki um mannvist.

Skurður 8 var 30 metrum norðan við skurð 1 og var hann 5 metra langur. Engin merki um mannvistarlög sáust í skurðinum fyrir utan lítið móöskulag sem var efst, rétt undir yfirborði. Í því voru gripir sem sennilega eru frá fyrri hluta 20. aldar.

Skurður 9 var grafinn um 10 metrum norðan við skurð 8 þar sem leit út fyrir að mögulegur túngarður lægi undir. Engin merki um garð sáust í skurðinum en í 8 og 9 voru greinileg merki um tvær stórar skriður og eru það að öllum líkindum þær sömu og sáust í skurðum 4 og 5.

## 3. Helstu niðurstöður

Fyrstu niðurstöður benda til þess að talsvert sé um fornminjar á svæðinu frá ýmsum tímum. Yngstu minjarnar, fjárhús, tvær rústir í miðju túni og grjóthlaðinn túngarður eru sennilega frá tímabilinu á milli 1850 og 1930.

Í Traðarlandinu eru það helst tvö svæði þar sem að fornminjar komu í ljós, annað er rétt við íbúðarhúsið en hitt svo til í miðju túni.

Á svæðinu norðan og vestan við gamla bæjarstæðið eru talsvert eftir af óröskuðum mannvistarlögum og er líklegt að þau lög tilheyri mannvirkjum sem stóðu norðan við bæjarstæðið. Þessi mannvistarlög eru sennilega nokkuð gömul þó svo að ekki sé hægt að aldursgreina þau nákvæmlega fyrr en öll jarðvegsýni hafa verið rannsökuð nánar. Þessi mannvistarlög benda hins vegar til þess að einhverjar byggingar geti leynst á svæðinu norðan og vestan við íbúðarhúsið í Tröð.

Staðsetning þessa svæðis er við syðri jaðar varnargarðsins þannig að möguleiki er á að hægt verði að koma í veg fyrir að þetta svæði verði eyðilagt við framkvæmdirnar.

Í miðju túni er stórt svæði þar sem nokkuð stór mannvirki komu í ljós. Allt bendir til þess að þessi mannvirki séu gömul, sennilega frá þeim tíma er byggð hófst fyrst í Tröð,

fyrir 1500. Umfang bygginganna benda sterklega til þess að hér gæti verið um bústað að ræða, hvort að um sé að ræða kot eða að þarna hafi bærinn fyrst verið byggður og síðar verið færður á þann stað sem hann stóð síðast.

Fyrirséð er að snjóflóðavarnargarðurinn muni eyðileggja þær minjar sem eru í miðju túninu þar sem það svæði lendir í miðjum garðinum. Mikilvægi þessa staðar fyrir byggðarsögu Bolungarvíkur er talsverður þar sem þarna er hægt að ná upplýsingum um þróun byggðar í Bolungarvík frá elstu tíð.

Bærinn Tröð flokkast undir minni jarðir á Vestfjörðum að stærð og litlar sem engar fornleifarannsóknir hafa farið fram á slíkum býlum á Íslandi. Einnig eru litlar upplýsingar til um útlit og eðli þeirra bústaða sem fátækari bændur reistu á síðari hluta miðalda. Því er mikilvægt að frekari fornleifarannsókn fari fram á svæðinu áður en varnargarðurinn verður byggður.

#### 4.Þakkarorð

Í lokin vil ég þakka starfsmönnum Náttúrustofu Vestfjarða fyrir að standa vel að undirbúningi og framkvæmd uppgrafrarins og sérstakar þakkir fá Oddgeir Hansson, Ruth A. Maher fornleifafraeðingar og Sigurgeir Jóhannsson gröfumaður fyrir vönduð vinnubrögð á meðan á uppgreftri stóð.

#### 5.Heimildir


Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók*, VII. bindi, Kaupmannahöfn 1940

Ragnar Edvardsson, *Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað, fyrsti hluti, kaupstaðurinn og jarðirnar næstar honum*, Fornleifastofnun Íslands, FS021 – 96021, Bolungarvík 1996.


*Íslendinga sögur*, I.bindi, Reykjavík 1953.



5. Kort



Kort 1. Staðsetning könnunarskurða.



Kort 2. Svæði þar sem að finnast fornminjar.